

Umsögn vegna tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í menningar-, íþróttá- og tómstundaráði.

Tillagan er svohljóðandi:

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur beinir því til Listasafns Reykjavíkur að efnt verði til sýninga á færeyskri og grænlandskri myndlist. Um gæti verið að ræða sýningar á nútímalist eða yfirlitsýning sígildra verka. Færeyingar og Grænlandingar búa að ríkri myndlistarhefð og nútímalist beggja þjóða er blómleg. Sýningarhaldið verði hluti af vestnorræna höfuðborgarsamstarfinu og eftir atvikum í samvinnu við listasöfnin í Nuuk og Þórshöfn.

Umsögn:

Listasafn Reykjavíkur leitast við að sinna sýningaverkefnum sem ætla má að eigi erindi hverju sinni og nú um stundir bera þar hátt málefni norðurslóða. Á síðustu árum hafa ekki verið bein samstarfsverkefni við söfn höfuðborga Grænlands og Færeyja en safnið stóð hins vegar fyrir stórri sýningu á list frá norðurslóðum sem bar titilinn *Norður og niður* og var í Hafnarhúsi frá október 2022 til febrúar 2023. Helstu listamenn Færeyja og Grænlands voru áberandi á sýningunni. Í gegnum árin hafa listamenn frá nefndum löndum verið kynntir reglulega í safnhúsunum en sýning á færeyskri samtímalist var á Kjarvalsstöðum 1998 og ástæða er til að huga reglulega að slíku samstarfi. Sýningadagskrá safnsins er orðin mótuð fyrir komandi ári og helstu sýningar ársins 2026 þegar komnar í farveg. Ætla má að sýningarverkefni sem þetta eigi hljómgrunn þegar viðeigandi tími er liðinn frá sýningunni *Norður og niður*.

Um leið og þakkað er fyrir ábendinguna er vakin er athygli á sjálfstæði safnsins þegar kemur að sýningastefnu.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir
Safnstjóri

Listasafn Reykjavíkur

Reykjavík Art Museum

(+354) 411 6401 / (+354) 8201201

www.listasafnreykjavikur.is / www.artmuseum.is

